



Minnisblað til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

Efni: Fundir bæjarstjórnar

Dags: 27. maí 2022

Málsnúmer: 202110424/0.4.1

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Þóra M. Hjaltested, Lögmaður Mosfellsbæjar

Samkvæmt 11. gr. samþykktu um stjórn Mosfellsbæjar tekur bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils ákvörðun um hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Samkvæmt 8. gr. samþykktanna segir jafnframt að bæjarstjórn haldi reglulega fundi annan hvern miðvikudag sem ekki ber upp á almennan frídag. Enn fremur að bæjarstjórnarfundir skuli að jafnaði hefjast kl. 16:30. Þá kemur fram að heimilt sé að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi enda taki bæjarstjórn um það ákvörðun.

Á 795. fundi bæjarstjórnar þann 8. desember 2021 var fundardagskrá ársins 2022 lögð fram til samþykktar. Samkvæmt henni eru eftirfarandi fundardagar á árinu 2022:

807. fundur	15.6.2022	
808. fundur	29.6.2022	Síðasti fundur fyrir sumarleyfi
809. fundur	17.8.2022	Fyrsti fundur eftir sumarleyfi
810. fundur	31.8.2022	
811. fundur	14.9.2022	
812. fundur	28.9.2022	
813. fundur	12.10.2022	
814. fundur	26.10.2022	
815. fundur	9.11.2022	
816. fundur	23.11.2022	
817. fundur	7.12.2022	Síðasti fundur fyrir jól

Tillaga:

Lagt er til að fundir bæjarstjórnar fari fram annan hvern miðvikudag sem ekki ber upp á almennan frídag kl. 16:30 í samræmi við 8. gr. samþykktu um stjórn Mosfellsbæjar. Jafnframt er lagt til að fundir bæjarstjórnar það sem eftir er ársins fari fram í samræmi við framangreinda samþykkt bæjarstjórnar frá 8. desember 2021.

Virðingarfyllt,

Þóra M. Hjaltested
lögmaður